

215. KIRKJURÁÐSFUNDUR

ÞRIÐJUDAGINN 1. APRÍL 2014 KL. 15:30

símafundur haldinn á Biskupsstofu, Reykjavík.

FUNDARGERÐ

1. Fundarsetning og fundargerð síðasta fundar.
2. Skálholt, útleiga á gisti- og veitingaþjónustu.
3. Önnur mál

1. FUNDARSETNING OG FUNDARGERÐ SÍÐASTA FUNDAR

Fundurinn, sem var símafundur, hófst kl. 15:30. Mætt voru auk biskups Íslands, Agnesar M. Sigurðardóttur, kirkjuráðsmennirnir Ásbjörn Jónsson, séra Gísli Gunnarsson, séra Gunnlaugur Stefánsson og Katrín Ásgrímsdóttir, sem öll voru á fundinum símleiðis.

Fundinn sátu jafnframt Ragnhildur Benediktsdóttir, framkvæmdastjóri, Sigríður Dögg Geirsdóttir, fjármálastjóri, Sveinbjörg Pálsdóttir, skrifstofu- og mannauðsstjóri, og Þorvaldur Víðisson, biskupsritari, sem ritaði fundargerð.

Séra Kristján Valur Ingólfsson, vígslubiskup í Skálholti, átti þess ekki kost á að taka þátt í fundinum, sökum anna.

2. SKÁLHOLT - ÚTLEIGA Á GISTI- OG VEITINGAÞJÓNUSTU

Bréf frá Ríkiskaupum dagsett 31. mars var lagt fram til kynningar sem og minnisblað framkvæmdastjóra kirkjuráðs.

Ákveðið var að fara fram á það við Ríkiskaup að allir aðilar sem skiluðu inn umsóknum á tilsettum tíma fengju tækifæri til að gera tilboð í leiguna. Þau tvö fyrirtæki sem ekki skiluðu inn viðbótargögnum fyrir tilskilinn tíma fá frest til 8. apríl til að skila inn viðbótargögnum. Ákveðið var að frestur til að skila inn tilboðum rynni út 23. apríl n.k.

3. ÖNNUR MÁL

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:35

Næsti fundur kirkjuráðs verður á Biskupsstofu 9. apríl nk. kl. 9

Agnes M. Sigurðardóttir,
Biskup Íslands

Þorvaldur Víðisson
Biskupsritari